

Fundargerð 173. fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 16. mars kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Agnar Ólason, Kristmundur Skarphéðinsson og Einar Sveinn Kristjánsson

Fjarfundur: Tinna Magnúsdóttir, Helgi Már Sigurgeirsson og Símon Guðvarður Jónsson

Fjarverandi: Pétur Freyr Jónsson

Dagskrá :

1. Yfirferð og undirritun ársreikninga VM, Ásbjörn Björnsson endurskoðandi

Formaður bauð Ásbjörn velkominn og gaf honum orðið.

Ásbjörn fór yfir ársreikning félagsins. Rekstrarhagnaður ársins nam 13,9 millj. á meðan neikvæð afkoma samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var 44 millj. kr. og eigið fé í árslok nam 2.610 millj. Félagið hafði um 1.344 millj. kr. í fjárvörslu og eignastýringu hjá Arion banka, Íslandsbanka og Kviku. Eigið fé félagsins skiptis á fimm sjóði, Félagssjóð, Vinnudeilu- og verkbansskjóð, Orlofssjóð, Styrktar og sjúkrasjóð og Fræðslusjóð. Rekstrargjöld, félagsgjöld og iðgjöld námu 681 millj. samanborið við 594 millj. árið 2021 alls 15% hækkun. Laun og launatengd gjöld námu um 143 millj. og þar inni er hluti félagsins í launum 2F. Almennur rekstrarkostnaður nam 121,6 millj., hér er líka inni rekstrarkostnaður félagsins í 2F. Bætur og styrkir hækka um 16% á milli ára. Og fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 57 millj. Mjög sérstök staða var á markaði árið 2022 og það eru enn hræringar á markaði þetta árið en vegna tapsins er fjármagnstekjuskattur í plús, samtals 15 millj. Afkoma ársins er því tap upp á 43,9 millj. samanborið við hagnað upp á 134 millj. árið áður.

Efnahagsreikn. Varanlegir rekstrarfjármunir 1.219 millj. samanborið við 1.184 millj. árið áður. Heildareignir námu 2.782 millj. Hjá Akki Styrktar- og menningarsjóði VM var lækking um 13%. Félagið er með varkára stefnu í eignastýringu, lækking var á hlutabréfum og skuldabréfum og svo þegar stýrivextir hækka svona mikið þá lækkar virði verðbréfa. Við áttum stóran hlut í íbúðarlánasjóði sem talin var pottþétt ávöxtun en þau hafa verið afskrifuð. Ásbjörn talaði um arfinn sem félagið fékk frá Helga Ásgeirssyni og fór svo yfir reikninga einstakra sjóða. Félagssjóður, tekjur 298 millj. á móti 257 millj. árið 2021. Rekstrarhagnaður var 37 millj. á móti 24 millj. árið áður. Svo eru það fjármagnsliðirnir sem lækka hagnaðinn í 25 millj. það er svo tillagið í vinnudeilusjóð upp á 25 millj., fyrir utan föstu 5% sem skilar svo afkomunni neikvæðri um 10 millj. Afkoma ársins í Orlofssjóði er neikvæð um 24 millj. Fræðslusjóður er neikvæður um 11,9 millj. sem er samkvæmt ákvörðun sem tekin var um að lækka eignir sjóðsins, erum sem sagt að borga styrki umfram innkomu. Eigið fé Fræðslusjóðs er farið að nálgast það viðmið sem ákveðið var að hafa í sjóðnum. Því fer að koma að því að endurskoða styrkveitingar úr honum.

Afkoma ársins í Vinnudeilu- og verkbanssjóði er neikvæð um 15,8 millj. en reglur sjóðsins segja að hann megi ekki fara niður fyrir ákveðið lágmark þannig að auka framlag þurfti úr

Félagssjóði. Tekjur Styrktar- og sjúkrasjóðs voru 308 millj. á móti 270 millj. 2021. Neikvæðar vaxtatekjur skila svo tapi upp á 13 millj.

Ásbjörn benti á að í fyrsta skipti í langan tíma séum við að dila við 10% verðbólgu og það riðlar öllum tölum hjá okkur. Hann óskaði eftir að settur yrði verkferill um greiðslur úr banka. Reikningurinn var síðan samþykktur og undirritaður. Formaður þakkaði Ásbirni fyrir og hann yfirlit fundinn.

2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 172.

Fundagerð samþykkt og undirrituð.

3. Skýrsla formanns og staða kjaramála.

Formaður fór yfir það sem hefur verið í gangi frá síðasta fundi. Sjómenn felldu samninginn, öll félögin nema Félag skipstjórnarmanna. Spurt var hvort ekki þurfi félagsfund svo menn geti sagt hvað það er sem þeir vilja. Bent var á að formaður sé búinn að tala við og hitta marga svo hann veit svo sem hvað það er sem er að. Ekkert annað að gera en að leggja af stað aftur. Bent var á að að margir litu þannig að á að kjarasamningur sé bara það sem þeir sem fari og semji vilji fá, sem er auðvitað ekki þetta er samkomulag milli 2ja aðila og skrifað undir þegar ekki næst lengra, það er svo þeirra sem verið er að semja fyrir að segja já eða nei.

Aðrir samningar eru líka í gangi og mikið verið fundað með Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun í samfloti með RSÍ. Því miður er þetta allt í frosti. Það urðu einhver vatnaskil í gær þegar menn áttu von á samningi en fengu svo bara sama tilboð og síðast. Á mánudaginn verður fundur með öllum starfsmönnum Orkuveitunnar. Spurt var um samning við sveitafélögin. Formaður sagði að þeir væru ekki til í viðræður alveg strax. Vilja klára stóru hópana fyrst. Samningurinn er ekki enn útrunnin.

Brim leitaði til okkar og vilja okkur í samstarf við heilsufarsskoðun sjómanna. Þeir eru að fara að setja upp eitthvað app þar sem menn geta fengið hjálp og þess háttar. Það eru að koma nýjar reglur og þá fer að þurfa læknisskoðun annað hvert ár, sem menn þurfa að standast til að fá að vera á sjó. Þessi þróun er bara jákvæða. Spurt var hvort það hafi ekki verið í síðasta kjarasamningi að taka út vinnutíma og hvíldartíma. Samgöngustofa sá um það og niðurstaðan var að þetta væri í góðu lagi.

4. Samvinna á Stórhöfða

Eins og þið vitið þá höfum við verið að reyna að vinna með öllum félögunum hér á Stórhöfðanum og FIT alveg búnir að draga sig út. Þeir vilja kaupa þjónustu af okkur. Við hinir en við hin höfum verið að vinna saman og ætlum okkur að vera saman.

Trúnaðarmannanámskeið og lífeyristökunámskeið er meðal þess sem við höfum verið að vinna saman.

5. Dagskrá aðalfundar

Formaður las dagskrá upp úr lögum félagsins.

1. Skýrsla stjórnar

2. Reikningar félagsins og sjóða.

3. Ákvörðun um löggilta endurskoðendur. Formaður stakk upp á Ernst og Young og það var samþykkt.

4. Ákvörðun stjórnarlauna

5. Lagabreytingar og reglugerðir, lagabreyting hjá Styrktar og sjúkrasjóði.

6. Lýst kjöri stjórnar. Á ekki við núna.

7. Kjör í nefndir og stjórnir sjóða. Á ekki við núna

8. Kjör kjörstjórnar

9. Kjör uppstilligarnefndar

10. Önnur mál.

Samþykkt var að formaður sæi um að finna menn í kjörstjórn og upptillingarnefnd.

Formaður sagði að hefð væri fyrir því að sæma einhvern Gullmerki félagsins á aðalfundi og stakk upp á Reinholdi Richter, Steingrími Haraldssyni og Halldóri Arnari Guðmundssyni. Þetta var samþykkt.

Lagabreytingar. Búið er að fara aðeins yfir lögina núna með lögfræðingunum. Formaður fór aðeins yfir það sem búið er að gera. 20. gr. sett inn í 5 gr. Mönnum fannst þetta ekki nógu skýrt og voru ekki tilbúnir til að samþykkja. Formaður stakk upp á að fresta þessu um ár og kjósa þrjá menn til að vinna þetta alveg frá grunni.

Bent var á að það hafi verið rætt að fá utanaðkomandi til að rýna lögina því þeir sem upphaflega skrifuðu lögina eiga erfitt með að sjá sjálfir hvað er að. Samþykkt að fresta til næsta aðalfundar, allir samþykkir að einum undanskildum.

6. Styrkbeiðnir.

Grái Herinn, sem staðið hefur að málaferlum við íslenska ríkið vegna skerðinga á ellilífeyri, óskaði eftir styrk á síðasta ári sem samþykktur var á stjórnarfundum félagsins nr. 160. Nú hefur Þorbjörn Guðmundsson haft samband og óskaði eftir að fá hluta hans greiddan.

7. Lagt fram til upplýsingar - ekkert hér undir.

8. Önnur mál.

- Baldur Guðmundsson sér um skrif inn á heimasíður Matvís og Byggiðnar og sér um að vakta fréttir til að setja þar inn og með því halda heimasíðunum lifandi. Við boðuðum hann á fund og óskuðum eftir því að hann myndi vinna sömu vinnu fyrir okkur. Hann bauð okkur upp á samning sem tæki gildi við undirritun og báðir geta sagt upp skriflega með 15 daga fyrirvara. Samþykkt.
- Sáttasemjari kemur í hús á eftir ásamt nýjum aðstoðarmanni og farið verður yfir þau mál sem eru framundan hjá okkur.
- Tinna:
 - spurði um upphaflega samning við 2F sem formaður ætlaði að senda eftir síðasta fund. Hann er á leiðinni.
 - Enn að bíða eftir nefndunum og skipunartíma og vill að þetta verði síðan aðgengilegt á netinu.
 - Áskorun sem send var á orlofsnefndina varðandi gæludýr hver er staðan? Orlofsnefndin hefur ekki fundað síðan áskorunin kom.
- Einar:
 - Reglugerðir um heiðursmerki og gullmerki. Setja þær inn á heimasíðuna.
 - Setja lagabreytingar á dagskrá á næsta fundi.



- Tölvupóstur sem borist hafa stjórn. Félagsmaður sendi bréf um sjómannasamninginn til stjórnar og því þarf að svara. Formaður tók það að sér.
Ákveðið var að semja strax svar til fyrirverandi formannog senda og það var gert. „Stjórn VM tók fyrir mál ykkar á fundi sínum í dag og stendur við þá ákvörðun að svara fyrirspurn ykkar ekki samkvæmt fyrirnefndri kröfu. En eins og sagði í síðasta pósti þá verður ykkur svarað á félagsfundum.“

Fundi slitið 15:26